

Reikningskilaráð ríkisins

65. Fundur – 31. ágúst 2022 kl. 10:30

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Ólafur Hjálmarsson.
- Jón Viðar Pálmason sat fundinn fyrir Björn Þór Hermannsson sem er í orlofi.
- Guðmundur Björgvin Helgason og Ingi Kristinn Magnússon frá Ríkisendurskoðun
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 64. fundar var samþykkt.

2. Mönnun ráðsins

Farið var yfir hlutverk og mönnun ráðsins. Þetta var síðasti fundur ÓH sem lætur af störfum sem Hagstofustjóri. Starfið hefur verið auglýst en fram að þeim tíma að nýr Hagstofustjóri tekur við mun Björn Rúnar Guðmundsson sækja fundi ráðsins. Nýr ríkisendurskoðandi, GBH, sat fund ráðsins í fyrsta sinn.

3. Staðlar og álitamál

Sjá umfjöllun undir lið nr. 4.

4. Erindi beint til ráðsins

Framsetning á skuldbindingum og framlögum til Uppbyggingarsjóðs EES EFTA og til samstarfsáætlana ESB í fjárlögum, ríkisreikningi og fjármálaáætlun

Fram kom að málið er í vinnslu í Fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Hagstofu Íslands.

5. Mál til umræðu og kynningar

Ríkisreikningur 2022. Farið yfir að innleiðing á breyttum reikningsskilum var ekki að fullu lokið með útgáfu Ríkisreiknings fyrir árið 2021. Reikningskilaráð heimilaði frestun á innleiðingu IPSAS staðla nr. 13, 35, 36, 37 og 38. Skýring nr. 2 í ríkisreikningi fjallar ítarlega um nýtingu frestunarheimilda og innleiðingaráætlun staðlanna síðar. Farið var yfir áherslu á innleiðingu frestaðra staðla í ríkisreikningi 2022. Einnig rædd önnur mál sem þar þarf að leggja áherslu á, svo sem bundið eigið fé hjá nokkrum stofnunum.

6. Ákvarðanir og úrskurðir

Engar ákvarðanir teknar til umræðu.

7. Önnur mál.

Rætt var um vinnuhóp ráðsins sem mun funda í fyrsta sinn í þessum mánuði og taka fyrir erindið sem liggur fyrir ráðinu, sjá lið nr. 4.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 11:30.